



## FUNDARGERÐ 486. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 26. september 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:10. Fundurinn er fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund með fjarfundi:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Sævar Birgisson í forföllum Aldísar Stefánsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Athugasemdir ESA vegna undanþágu byggðasamlaga undan tekjuskatti

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Oddur Ástráðsson, lögmönnum LMG, taka sæti á fundinum við upphaf fundar.

Haraldur og Oddur leggja fram minnisblað um málið og kynna greiningu sína á stöðu máls ESA gegn íslenska ríkinu vegna almennrar tekjuskattsundanþágu SORPU. Staða málsins er reifuð á 482. fundi stjórnar SORPU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Að fenginni kynningu á greiningu og niðurstöðu LMG lögmanna á stöðu máls ESA gegn íslenska ríkinu vegna almennrar tekjuskattsundanþágu SORPU hefur stjórn samlagsins komist að þeirri niðurstöðu að leggja það til við Menningar- og viðskiptaráðuneytið að hefja skuli samtalið við ESA sem miði að því að endurskoða fyrirkomulag á tekjuskattsundanþágu SORPU í ljósi ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

Framkvæmdastjóra er falið að annast nauðsynlegan rekstur málsins af hálfu SORPU, og kynna málið á vettvangi eigenda.“

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 08:52

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 3. október klukkan 08:00.